
TILLAGA AÐ

STARFSLEYFI

Framleiðsla á malbiki, bikþeytu og steinefnum

Malbikunarstöðin Höfði hf.

Sævarhöfða 6-10, Reykjavík,

Kt.: 581096-2919

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Malbikunarstöðina Höfða hf., kt. 581096-2919, sem rekur tvær malbikunarstöðvar og grjótmulningsstöð að Sævarhöfða 6-10, Reykjavík. Malbikunarstöðin Höfði hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Starfsemi og frágangur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 160 tn/klst. af malbiki í Benninghoven malbikunarstöðinni og allt að 180 tn/klst. af malbiki í ViaNova malbikunarstöðinni og allt að 100 tn/klst. af steinefnum í grjótmulningsstöðinni. Þá er heimilt að reka tengda starfsemi og þjónustu að Sævarhöfða 6-10. Heimilt er að geyma í bikbirgðastöð norðan við Sævarhöfða 6-10 allt að 8.000 m³ af biki (bitumen) eða öðrum olíuefnum sem ætluð eru til malbiks- og annarrar bikframleiðslu, þar af 3.600 m³ í stærsta geymi og auk þess er heimilt að vera með allt að sjö geyma sem eru 50 m³ og minni til að geyma olíu, lífræna olíu og bik. Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá landi. Rekstraraðila er heimilt að endurvinna malbik og framleiða bikþeytu.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).

Besta fáanleg tækni hefur verið skilgreind í „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007.

Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

1.5 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. málsgrein 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. greinar reglugerðarinnar.

1.6 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá tækjum, útbúnaði, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum, efnum og menguðum jarðvegi. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að halda mögulegum mengunaráhrifum í lágmarki. Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur. Gera skal Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvunina um leið og eftirlitsaðila.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri í mánuð eða lengur af öðrum ástæðum en tíðarfari, eða reksturinn verið stórlega skertur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.5
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins
- Ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fáanlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun

sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati eftirlitsaðila getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkallað starfsleyfi reksturs.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

2.1 Móttaka og flutningur hráefna

Við móttöku og flutning á hráefnum skal rykmengun haldið í lágmarki. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem samþykkt er af eftirlitsaðila, sem miðar að því að hefta rykmengun við móttöku og flutning hráefna og vegna vinnslu steinefna og við óhagstæð veðurskilyrði, sbr. gr. 2.7. Skúffulyfta sem Síða 3 af 10

tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal vera yfirbyggð.

2.2 Frágangur birgðageyma

Ólíugeymar (bikgeymar) skulu vera í olíuheldri lekavörn, t.d. olíuheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbætti rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.

2.3 Löndun olíu og önnur áfylling á geyma

Setja skal upp og fylgja verklagslagsreglum um löndun olíu þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía smitist ekki út í umhverfið. Koma skal í veg fyrir að geymar yfirfyllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum.

LOFT

2.4 Afsogsloft

Afsog, t.d. frá brennurum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum skal hreinsa í reykhreinsibúnaði. Áætlun skal vera til um rekstur hreinsibúnaðar. Útstreymishraði úr skorsteini skal vera a.m.k. 20 m/s ($\pm 10\%$).

2.5 Skorsteinn

Útblástursloft frá hreinsibúnaði skal leiða út í gegnum a.m.k. 20 m háan skorstein yfir gólfi. Skorsteinninn skal útbúinn þannig að auðvelt sé að mæla ryk í honum.

2.6 Innmötun á fræstu malbiki

Nota skal kalda innmötun í blöndunareiningu á malbiki sem fræst hefur verið upp til endurnýtingar og þannig dregið úr losun PAH-efna.

2.7 Rykmengun við framleiðslu steinefna

Koma skal í veg fyrir rykmengun vegna framleiðslu steinefna. Færibönd skulu vera yfirbyggð og fallhæð efnis við flutning í kaldmatara skal mest vera 2 m.

2.8 Losunarmörk í útblæstri

Útblástur skal standast eftirfarandi mörk í öllum einingum stöðvarinnar, miðað við klukkustundar meðalgildi og 17% súrefnisinnihald í útblæstrinum:

| Mengunarefni | mg/Nm ³ |
|---|--------------------|
| Heildarryk | 50 |
| Kolmónoxíð (CO) | 500 |
| Köfnunarefni NO _x (sem NO ₂) | 500 |
| PAH (mæliaðferð skv. ISO 11338) | 0,0020 |

VATN

2.9 Áfylling framleiðsluvara

Áfylling skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfall í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju.

2.10 Lagnir og lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerða nr. 35/1994 og 188/1990. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 4.4, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppburkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

2.11 Frárennsli við olúgeyma

Frárennsli frá áfyllingarplani og lekavörn skal leitt í gegnum olíuskilju (olíuskiljur) utan lekavarnar. Olíuskilja með frárennsli til yfirborðsvatns eða sjávar skal vera af gerð I, samanber staðal nr. ÍST EN 858. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Starfsleyfið gerir ráð fyrir að frárennsli frá starfseminni sé veitt í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Nota skal olíuskilju við hreinsun frárennslis. Heimilt er að nota olíuskilju af gerð II, miðað við hámarksflæði frárennslis, að fengnu samþykki rekstraraðila fráveitukerfis. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum (sandfang og olíuhólf). Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvarúmmáli sandfangs. Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þeim, eða búnar sjálfvirkum lokum fyrir olíu. Ekki er heimilt að þvo olíubíla með tjöruhreinsi á áfyllingarplani eða losa sambærileg olíuhreinsiefni í frárennslið.

ÚRGANGUR

2.12 Meðhöndlun úrgangs

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykktts móttökuaðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu.

ANNAÐ

2.13 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

2.14 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 4.4.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 2.12, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- prófun og kvörðun mælitækja,
- magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku.

Niðurstöður hávaðamælinga skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

3.2 Eftirlitsmælingar bikgeyma

Eftirfarandi mælingar skulu framkvæmdar af rekstraraðila:

- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 2.11 séu uppfylltar.
- Kanna skal að lágmarki árlega hvernig úrtök og lausar tengingar virka.
- Þrýstiprófa skal lagnirnar á 5 ára fresti.
- Lekavarnir skulu prófaðar ef Umhverfisstofnun fer fram á það.
- Botnþykkt og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti.

Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar. Ljúka skal mælingum og skila þeim til Umhverfisstofnunar fyrir lok hvers árs. Ljúka skal þeim mælingum sem gera á sjaldnar en árlega fyrir árslok 2015. Umhverfisstofnun er þó heimilt að framlengja frest fyrir þrýstiprófanir ef þær liggja fyrir frá síðustu 5 árum, og fyrir lekavarnir, botnþykktarmælingu og mælingu á þykkt neðsta umfars ef þær hafa átt sér stað á síðustu 10 árum.

3.3 Mælingar vegna malbikunarstarfsemi

Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 2.8. Ef mælingin er aðeins til að staðfesta símælingu er þó heimilt að gera hana á tveggja ára fresti. Útblásturshraða (sjá gr. 2.4) skal mæla ef ástæða er talin til þess að ætla að hann sé minni en verið hefur. Mælingarnar skal gera fyrir 1. október ár hvert.

Umhverfisstofnun getur krafist úttektar á hávaða (sjá gr. 2.13), gefist tilefni til.

3.4 Umsjón mælinga

Allar mælingar sem starfsleyfi þetta kveður á um eru á kostnað og ábyrgð rekstraraðila.

3.5 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði hennar.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Setja skal umhverfismarkmið fyrir 1. desember 2015 og endurskoða þau á fjögurra ára fresti. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 334/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarnæftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal

Síða 7 af 10

fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal senda Mannvirkjastofnun og Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða reglulega.

4.5 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðili ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. grein 4.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

4.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal strax og upplýsingar berast hafa samband við Neyðarlínuna (112). Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhöpp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd á svæðinu upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

4.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.8 Þjálfun starfsmanna

Starfsmenn og þjónustuaðilar, þar með taldir bílstjórar og vaktmenn, skulu fá viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til að vinna í stöðinni svo og kennslu og æfingu í því hvernig bregðast skal við mengunaróhöppum samkvæmt viðbragðsáætlunum. Jafnframt skulu þeir hljóta staðgóða fræðslu um eiginleika allra olíutegunda sem meðhöndlaðar eru í stöðinni. Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila um allar breytingar sem verða varðandi þjónustuaðila. Skrá skal alla þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

4.9 Umhverfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem truflað geti starfsemina eða aukið mengunarhættu. Læsa skal hliðum birgðastöðvar þegar hún er ekki mönnuð, í samræmi við ákvæði 43. gr. reglugerðar nr. 35/1994.

4.10 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.11 Samráð við heilbrigðisnefnd

Eftirlitsaðili gerir heilbrigðisnefnd Reykjavíkur viðvart um fyrirhugaðar eftirlitsferðir og gefur fulltrúum þess kost á að taka þátt í þeim.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk samkvæmt 15. lið í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. febrúar 2019.

Reykjavík dd.mm.áááá

Umhverfisstofnun

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, sbr. grein 3.5 eða fyrir 1.maí ár hvert.
- Samkvæmt grein 4.1 skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. desember 2015 og endurskoða þau á fjögurra ára fresti.
- Gera skal mælingar vegna losunarmarka í grein 2.8 fyrir 1. október ár hvert (sbr. gr. 3.3). Ef mælingin er aðeins til að staðfesta símmælingu er þó heimilt að gera hana á tveggja ára fresti.

Regluleg skil eru á eftirfarandi kröfum

- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 2.4 séu uppfylltar, sbr. gr. 3.2.
- Þrýstiprófunum (á 5 ára fresti), sbr. gr. 3.2.
- Lekavörnum, botnþykktar- og á neðsta umfari (á 10 ára fresti), sbr. gr. 3.2.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

FYLGISKJAL

Um ákvörðun losunarmarka:

- i. Hæð skorsteins sbr. gr. 2.5 er miðuð við óbreyttar kröfur frá eldra starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.
- ii. Losunarmörk fyrir útblástur í grein 2.8 eru ákvörðuð með tilliti til aðstæðna hjá rekstraraðila og dæmigerðum útblástursgildum skv. 7. kafla skjalsins „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007.